

MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐHERRA

Sölvhólsgrötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. júní 2022

EFNI: UMSÖGN VIÐ FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGAR Á LÖGUM UM SAMSKIPTARÁÐGJAFJA ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFS NR. 45/2019, ÞINGSKJAL 822 - 581. MÁL

UMFÍ tekur heilshugar undir allt það sem kveðið er á um í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs. Breytingarnar eru til þess fallnar að styrkja starf samskiptaráðgjafa. UMFÍ hefur lengi mælt fyrir mikilvægi þess að auka öryggi iðkenda í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi og unnið ötullega að því að styðja við og styrkja starf samskiptaráðgjafa.

Í þeim anda stóð UMFÍ ásamt KFUM og KFUK á Ísland, Slysavarnafélagi Landsbjargar og Bandalagi íslenskra skáta að stofnun Æskulýðsvettvangsins árið 2007. Markmið Æskulýðsvettvangsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna í íþróttá- og æskulýðsstarfi og stuðla að heilbrigðum, uppbyggjandi, vönduðum og öruggum aðstæðum í starfinu. Æskulýðsvettvangurinn hefur fram til þessa tekið við öllum þeim málum sem varða grun um óæskilega hegðun innan skipulags íþróttá- og æskulýðsstarfs og öllum myndum ofbeldis gegn börnum og ungmennum. Með fræðslu og forvörnum auk annarra verkefna er stuðlað að vitundarvakningu í samfélaginu og auknu öryggi barna og ungmenna í íþróttá- og æskulýðsstarfi.

Þessu til viðbótar átti UMFÍ fulltrúa í starfshópi menntamálaráðuneytis, sem leiddi til þess að starf samskiptaráðgjafa varð til og sett á laggirnar árið 2019.

Betri upplýsingar bæta starfið

Þær breytingar sem lagðar eru til við lög um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs eru að mati UMFÍ til þess fallnar að auka öryggi iðkenda. Á þeim forsendum styður UMFÍ breytingarnar. Eins er jákvætt að sjá að dyr samskiptaráðgjafa standa öllum opnar í íþróttá- félags- og æskulýðsstarfi. Þetta er mikilvægt, enda ljóst af tölulegum upplýsingum um mála fjölda og aukningu þeirra á þeim tveimur árum sem samskiptaráðgjafi hefur starfað, að full þörf er á starfinu.

Saman erum við öll betri

En allt gott má bæta. Við hjá UMFÍ hvetjum til samstarfs og samvinnu á öllum sviðum og bendum á að það megi bæta enn frekar með því að nýta þá reynslu sem býr innan dyra Æskulýðsvettvangsins. Samvinna, gott samstarf og skarpara regluverk eykur öryggi iðkenda í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi enn frekar.

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 26 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ um allt land.

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

Með ungmennafélagskveðju,
f.h. Ungmennafélags Íslands

Auður Inga Þorsteinsdóttir
framkvæmdastjóri UMFÍ

t-póstur: audur@umfi.is
sími: 568 29 29